



# Öldubrot

## Fréttabréf Öldutúnsskóla



26. árgangur, 1. tölublað

Ágúst 2011

Ábm.: Erla Guðjónsdóttir, skólastjóri

### Fréttabréfið er sent í tölvupósti til allra foreldra. Það er einnig á vefsíðu skólans.

- Skrifstofa skólans er opin alla virka skóladaga frá **klukkan 8 til 15**. Svarað er í síma frá klukkan 07:30.
- Heimasíða skólans er: [www.öldutunsskoli.is](http://www.öldutunsskoli.is)
- Heimasíða félagsmiðstöðvarinnar er: [www.aldan.is](http://www.aldan.is)
- Sími skólans er 555 1546

**Skólasetning er 23. ágúst. Sjá tímasetningar á bakhlið. Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá 24. ágúst hjá 2. til 10. bekk, en 25. ágúst hjá 1. bekk.**

### Nýtt skólaár í skugga niðurskurðar

Nú í upphafi skólaárs eru 520 nemendur í 24 bekkjardeildum. Fjölmennustu bekkirnir eru í 6. og 7. bekk og samkvæmt viðmiðum um úthlutun kennslustunda til skólanna fást ekki tímar til að skipta upp í þrjá bekki fyrir en fjöldi nemenda í viðkomandi árgangi í mið – og unglíngadeild er orðinn 57. Við upphaf þessa skólaárs mætir okkur breytt starfsumhverfi. Ræstingafólki var sagt upp í vor, ræstingar í skólanum boðnar út og fékk Sólaræsting ehf verkið. Nú er þrifið sjaldnar en áður á flestum svæðum nema snyrtingum og í matsölum. Heilsdagsskólinn hefur verið færður undir stjórn starfsmanna ÍTH og forstöðukonu sagt upp störfum. Forstöðukonu félagsmiðstöðvarinnar hefur einnig verið sagt upp en við búumst ekki við að það verði neinar grundvallar-breytingar á starfi Öldunnar sem hefur starfsemi sína þann 7. september næstkomandi. Við væntum þess að dagskrá og upplýsingar um starfsemi vetrarins birtist á heimasíðu Öldunnar innan skamms.

Fjöldi almennra kennslustunda var skorinn niður um 9% fyrir þetta skólaár og birtist sá niðurskurður einkum í fækkun stunda sem ætlaðar eru til að skipta bekkjunum í smærri hópa í list- og verkgreinum.

Verulega var dregið úr stöðugildum deildarstjóra, er nú samtals 1,4 stöðugildi, en voru tvö og hálf. Skólaliðar eru færri en áður og einn starfsmaður er á skrifstofu. Eitt stöðugildi er nú á bókasafni, var eitt og hálf og ekki er lengur heimild fyrir stöðu matræðs í mótuneyti starfsmanna.

### Það sem ekki var skorið niður

Fjármagn er tryggt fyrir launum kennara sem fara með nemendum í skólabúðir og þá reiknum við með vikuvöl fyrir 7. bekkina á Reykjum og þriggja daga dvöl 9. bekkina á Laugum í Sælingsdal. Fjöldi tíma sem við höfum til ráðstöfunar fyrir gæslu kennara í matsal og í frímínútum er sá sami og erum við ánægð með það, en rannsóknir hafa m.a. sýnt að það er minna um einelti í frímínútum ef kennarar eru á vakt. Þannig er ekkert slegið af gæslu í frímínútum. Fjöldi kennslustunda fyrir stuðnings- og sérkennslu er óbreyttur.

### Hvernig birtist þetta í daglegu starfi skólans?

Skólinn er opnaður klukkan 8 á morgnana í stað 07:45 að undanskilinni A – álmu sem verður áfram opin frá 07:45. Tekið er á móti nemendum í 1. til 4. bekk frá þeim tíma og þeir verða í umsjá skólaliða þar til fyrsta kennslustund hefst. Skrifstofa skólans er opin frá kl.08:00 til 15:00 alla daga en svarað er í síma frá kl. 07:30. Það má búast við að skrifstofan verði lokuð ef starfsmaður forfallast.

Nemendur í 1. til 3. bekk fá fylgd í leikfimi og sund en ekki 4. bekkingar eins og verið hefur. Yngstu nemendurnir fara nú í íþróttahúsið við Strandgötu en ekki Kaplakrika eins og áður.

Starfsmenn hafa aðgang að hádegismat í mótuneyti nemenda.

Fyrsta til þriðja bekk er ekki skipt í smærri hópa í myndmennt eins og áður og umsjónarkennarar taka aðrar listgreinar meira inn í kennsluna sína. Við höfum skipta bekki í handmennt og höldum áfram að hafa kynjaskipta kórátíma í 2. og 3. bekk.

Það er okkur mikils virði að foreldrar komi í heimsóknir í skólann og hvetjum við alla til að vera í miklu og góðu sambandi við kennara barna sinna. Við minnum á vikulega viðtalstíma allra kennara sem foreldrar geta nýtt til að hringja eða koma til viðtals. Einnig má skilja eftir skilaboð á skrifstofu og beiðni um að kennari hafi samband.

Starfsfólk, nemendur og foreldrar! Hjartanlega velkomin til starfa á nýju skólaári.

Erla Guðjónsdóttir, skólastjóri



**Skólasetning er 23. ágúst og eru nemendur beðnir að mæta á eftirfarandi tímum á sal skólans:**

- 8. bekkur klukkan 08:30.
- 9. bekkur klukkan 09:15.
- 10. bekkur klukkan 10:00.
- 6. og 7. bekkur klukkan 10:45.
- 4. og 5. bekkur klukkan 11:30.
- 2. og 3. bekkur klukkan 12:30.

Nemendur í 1. bekk eru boðaðir til viðtals við umsjónarkennara með sérstöku bréfi og mæta því ekki til formlegrar setningar.

**VIRÐING — VELLÍÐAN — VIRKNI**

## **Stefna Öldutúnsskóla**

- Skapa það andrúmsloft og umhverfi í skólanum að nemendum líði þar vel og geti þroskast og dafnað á sínum forsendum við krefjandi og áhugaverð verkefni í leik og starfi.
- Gera nemendur ábyrga fyrir námi sínu og veita þeim þá hvatningu og stuðning við ákvarðanatöku um framvindu náms sem mögulegt er.
- Halda forráðamönnum nemenda vel upplýstum um skólastarfið og námsframvindu barna sinna og stuðla að jákvæðum og gagnvirkum samskiptum milli heimilis og skóla.
- Umgangast hvert annað af virðingu og kurteisi og að jákvæðni sé aðalsmerki nemenda og starfsmanna skólans, því með henni komumst við þangað sem við ætlum okkur.

- Þriðjudaginn 23. ágúst er kynning á stærðfræðinámssefni sem er notað í unglingadeildinni fyrir foreldra . Fundurinn er í matsal nemenda klukkan 17:30.
- *Þann 20. október 2011 verða 50 ár liðin frá því að Öldutúnsskóli var settur í fyrsta sinn.*
- Heimasíða skólans er [www.öldutunsskoli.is](http://www.öldutunsskoli.is) en hún er okkar helsti upplýsingamiðill um skólastarfið.
- Námskrár bekkja og kennsluáætlanir verða uppfærðar innan skamms á heimasíðunni fyrir skólaárið 2011 til 2012. Endurskoðun stendur nú yfir.
- Olweusarverkefnið gegn einelti og andfélagslegri hegðun verður áfram sinnt af fullum krafti. Einkunnarorð verkefnisins eru **HLÝJA - UMHYGGJA - FESTA**.
- Við störfum áfram sem SMT skóli.
- Höldum umhverfisstefnunni í horfinu og einbeitum okkur áfram sérstaklega að flokkun og orkusparnaði.



**Öldutúnsskóli**

hlýja - umhyggja - festa

